

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 55/2009, um styrki til kaupa á næringarefnum og sérfæði.

1. gr.

Á eftir orðinu „fæðuinntöku“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. kemur: og upptöku næringarefna.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjalinu „Næringarefni og sérfæði frá Sjúkratryggingum Íslands“ með reglugerðinni:

Í flokknum **98 Næringarefni og sérfæði** verða eftirfarandi breytingar:

- a. Í stað orðanna „eitt staðalfrávik“ í 2. mgr. kemur: tveimur staðalfrávikum.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málsl. sem orðast svo: Miða skal við að BMI (Body Mass Index: þyngd/hæð²) sé ≤ 16 eða að um sé að ræða $\geq 20\%$ þyngdartap á minna en tveimur mánuðum þrátt fyrir að BMI sé $> 18,5$.

Í flokknum **98 06 Lífsnauðsynleg næringarviðbót vegna vannæringar og sérfæði** verða eftirfarandi breytingar:

- a. mgr. í flokknum **98 06 03 Næringarviðbót vegna vannæringar, vanþrifa og kyngingarerfiðleika, drykkir og duft** orðast svo:
Miðað er við að BMI (Body Mass Index: þyngd/hæð²) sé $< 18,5$ eða að um $\geq 10\%$ þyngdartap sé að ræða á minna en tveimur mánuðum þrátt fyrir að BMI sé $> 18,5$.
- b. Við flokkinn **98 06 09 Næringardrykkir vegna efnaskiptasjúkdóma (sykursýki) og ónæmisbælingar** bætist nýr málsl. sem orðast svo: Miðað er við að BMI (Body Mass Index: þyngd/hæð²) sé $< 18,5$ eða að um $\geq 10\%$ þyngdartap sé að ræða á minna en tveimur mánuðum þrátt fyrir að BMI sé $> 18,5$.
- c. Flokkur **98 06 18 Próteinskert fæði vegna nýrna- og lifrarsjúkdóma** fellur brott.
- d. Flokkur **98 06 21 Sojamjólk, aðrar kalkbættar sojavörur eða kalkbætt sérfæði vegna ofnæmis fyrir mjólk** fellur brott.
- e. Í flokknum **98 06 24 Peptíðmjólk/amínósýrublanda (sérfæði) vegna ofnæmis fyrir mjólk** verða eftirfarandi breytingar:
 1. Í stað orðanna „eða barnaofnæmislækni“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: barnaofnæmislækni eða meltingarlækni.
 2. Orðin „og 15.900 kr. fyrir börn 2ja til 18 ára“ í 2. mgr. falla brott.
- f. Flokkur **98 06 27 Glútensnautt fæði (sérfæði) vegna ofnæmis/óþols fyrir hveiti** fellur brott.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, öðlast gildi 1. janúar 2011.

Heilbrigðisráðuneytinu, 15. desember 2010.

Guðbjartur Hannesson.

Guðríður Þorsteinsdóttir.